

Sviðslistadeild

Sviðshöfundabraut

SAMSTAÐA, VON OG TRAUST

Verður samstaða kvenna feðraveldinu að falli?

Ritgerð til BA á Sviðshöfundabraut

Brynhildur Karlsdóttir

Vorönn 2019

Sviðslistadeils

Sviðshöfundabraut

SAMSTAÐA, VON OG TRAUST

Verður samstaða kvenna feðraveldinu að falli?

Ritgerð til BA á Sviðshöfundabraut

Brynhildur Karlsdóttir

Kt.: 140694-3639

Leiðbeinandi: Guðmundur Brynjólfsson

Vorönn 2019

Útdráttur

Þessi ritgerð fjallar um samstöðu kvenna. Innan feðraveldisins er ekki mikið rými fyrir samstöðu kvenna. Þær hafa þurft að leita samþykkis hjá körlum til þess að ná árangri. Tillaga ritgerðarinnar er sú að það gæti gjörbreytt stöðu kvenna ef þær finnu stuðning í samstöðunni.

Í ritgerðinni verður leitast við að svara hvers vegna þörf sé á samstöðu kvenna í samfélaginu, hvernig hægt sé að mynda samstöðu og hvaða samfélagsþættir komi í veg fyrir að samstaða myndist. Einnig verður fjallað um von út frá bókinni *Hope in the Dark* eftir Rebeccu Solnit, mikilvægi vonar í samfélaginu í dag, vonina sem upphaf allra hugmynda og gjörða og hvernig vonin getur hjálpað okkur að breyta hlutum. Fjallað verður um samfélagið, pláss/rými karla og kvenna innan þess og samhengi milli pláss/plássleysis og samstöðu. Fjallað verður um METOO hreyfinguna út frá samstöðuhugtakinu og velt upp hugmyndum um af hverju hreyfingin náði svona miklum skriðþunga. Einnig verða týndar til sálfræðirannsóknir á trausti, samhengi trausts og samstöðu athugað og leiðir til þess að mynda traust kannaðar. Ritgerðin er bæði fræðileg og praktísk þar sem lagðar eru til ákveðnar aðgerðaáætlanir út frá sumum kaflanna til að setja fræðin og umfjöllunarefnin í einhverskonar „gjarðarlegt“ form. Þessar aðgerðaáætlanir er ýmist hægt að nýta sér sem vinnuaðferðir í hóp eða til umhugsunar í daglegu lífi til þess að stuðla að samstöðu kvenna. Í ritgerðinni er gengið út frá því að við lifum á miklum umbrotatímum og leitast er við að finna friðsamlegar lausnir á þeim vandamálum sem við okkur blasa. Vonin er höfð að leiðarljósi, ekki reiði eða harka.

Abstract

This essay will discuss the solidarity of women. There is not much space for this solidarity within the patriarchy. To gain success woman have needed approval from men. The proposal is that women's status could change completely if they would find support in solidarity. This essay will try to answer why woman's solidarity is needed, how it can be formed and which social manners hinder it from forming. In addition, the essay discusses hope considering Rebecca Solnit's book *Hope in the Dark*. Furthermore, it will discuss the importance of hope in our society, hope as the originator of all ideas and actions. How hope can help us change the world. The essay will also discuss society, how much space man and woman take within it and the correlation of space/lack-of-space. Consequently, it will discuss the METOO movement regarding the idea of solidarity and contemplate why this movement gained so much momentum. Connectively it will take points from psychological researches on trust, the correlation between trust and solidarity and ways to form trust. This essay is both academic and practical where models of operation will be submitted in context to some chapter putting the academic subject in a form where action can be taken. These models can be used as procedures in groups or for reflection in daily life to support the formation of the solidarity of women. This essay assumes that we live in times of change and it will search for peaceful solutions to the problems we are facing. Hope will be a guiding light, not anger or force.

Efnisyfirlit

Inngangur	8
Samstaða	9
Von	13
Traust	21
Niðurstöður	29
Heimildaskrá	30

Aðfararorð;

Síðasta eina og hálf árið hefur samstaða verið mér ofarlega í huga. Haustið 2017 var ég að undirbúa einstaklingsverkefni í Listaháskólanum. Á sama tíma kom í ljós að litla systir mín var í erfiðum aðstæðum í skólanum. Hún var í erfiðum strákabekk þar sem stelpur fengu litla athygli og raddir þeirra lítið vægi. Eftir að hafa talað mikið saman um það hvað við gætum sett saman á svið kom aftur og aftur upp það mál að í bekknum hennar í Austurbæjarskóla ríkti ákveðið misrétti milli stelpnanna og strákanna. Einn liður í því var að þær voru nánast helmingi færri en þeir og var því minna pláss fyrir stelpuraddir í bekknum. Einnig virtust strákaraddirnar vera háværari og meira áberandi. Ég hafði heyrt af þessum vanda áður og einnig hafði ég tekið eftir því að fas litlu systur minnar hafði breyst eftir að hún byrjaði í Austurbæjarskóla. Mér fannst eins og hún væri að verða minni og minna fylgin sér. Þegar við höfðum rætt þetta fengum við bekkjarsystur hennar með okkur í lið og fórum að leita lausna. Alls konar hugmyndir komu upp en niðurstaðan varð sú að því meira traust og því meiri samstaða sem ríkti þeirra á milli, því auðveldara væri fyrir þær að láta í sér heyra. Ef þær vildu mótmæla einhverju sem væri sagt í tíma væri það erfitt ef þær ættu það á hættu að vera skotnar niður af strákunum en ef þær vissu af trausti og stuðningi hvernar annarrar væri auðveldara fyrir þær að svara fyrir sig. Við gerðum saman drög að einhvers konar handriti eða aðgerðaáætlun, hvernig þær ætluðu að styðja hver aðra í þessum aðstæðum. Verkefnið endaði síðan þannig að við stofnuðum pönk hljómsveit - þær gerðu það og ég leiddi þær áfram. Með því fengu þær rödd, svið og rými til þess að segja það sem þær vildu, til þess að æfa sig saman og treysta þannig hver á aðra og að standa og falla saman með verkefninu.

Um svipað leyti og við vorum að vinna þetta verkefni brá ég mér á bar, eins og gengur. Þar var ég í röð fyrir aftan mann sem var greinilega ofurölvi og með mikinn dónaskap. Þegar honum tókst að borga fyrir bjórin sinn fagnaði hann ógurlega, greip utanum mig og ætlaði að kyssa mig. Ég brást mjög harkalega við og hrinti honum. Hann hrasaði. Þetta er mjög lítill bar svo allir þögnuðu og horfðu á okkur. Þrátt fyrir skjót viðbrögð mín við áreitninni stóð ég uppi varnarlaus andspænis því sem hafði gerst og sá hálfpartinn eftir því að hafa ekki leyft honum bara að kyssa mig og fara, en það finnst mér til marks um mjög skakkt forrit, að auðveldara sé að láta áreitni yfir sig ganga en að standa á sínu. Þar sem ég stóð þarna alveg ráðalaus og leið eins og allir væru að horfa ásakandi á, greip stelpa fyrir aftan mig í röðinni orðið og tók slaginn fyrir mig! Hún sagði afgreiðslufólkinu að henda mannum út og skammaði þau fyrir að hafa ekki gert það fyrr miðað við ástandið á honum. Síðan sneri hún sér að mér og spurði mig hvort allt væri í lagi með mig, að hún hefði séð þetta allt saman og að hún væri með mér í liði.



Þetta inngrip breytti upplifun minni og allra annarra á barnum. Af því að þessi stelpa, algjörlega utanaðkomandi, tók upp hanskan fyrir mig, fyrir með systur sína, þá endaði skömmin á réttum stað, manningnum var hent út, ég fékk stuðning og afsökunarbeiðni frá starfsfólkinu og átti mjög gott kvöld eftir þetta.

Þetta atvik situr svo fast í huga mér og er ein af ástæðunum fyrir því að ég er að skrifa þessa ritgerð. Feðraveldið verður líklega ekki fellt með því að útrýma eða fangelsa alla fávitana, heldur með því að hætta að taka þátt í bullinu og láta annað fólk okkur varða og – jú, með því að mynda samstöðu okkar á milli.

Það sem kom mér líka á óvart í þessu voru tilfinningar mínar eftir að ég hrinti manningnum, að ég skyldi skammast mín. Ég hef lesið mér mikið til um feminisma, mætt í druslugönguna mörg ár í röð og tel mig ágætlega fróða um mörk, ofbeldi og hvernig fórnarlambinu sé ekki um að kenna, en samt var ég í þann mund að skammast mín fyrir viðbrögð mín við áreitni. Sú krafa á konur að þær eigi að bera ábyrgð, ekki bara á hegðun sinni, heldur hegðun annarra í sinn garð, verður að breytast.

Inngangur:

Í þessari ritgerð ætla ég að leggja til samstöðu kvenna sem einhvers konar lausn við ákveðnum vandamálum. Ég sem partur af hugmyndafræði vinstrisins er einnig búin að fara í marga hringi með þetta umfjöllunarefni - hugsa hvort ég sé að útiloka karlmenn, transfólk, fólk sem skilgreinir sig hvorki sem karl né konu - og þrátt fyrir þessar vangaveltur er ég ekki með nein skotheld svör. Eftir þessar pælingar komst ég samt að því að þessi hugsunarháttur er einmitt sá sem hindrar okkur í að gera eitthvað. Mig langar að geta gert eitthvað og þetta er byrjun eða tilboð að einhverju sem ég tel að geti bætt samfélagið.

Ég mun skoða hvað skapar samstöðu, hvað hún leiðir af sér og hvernig umhverfi stuðlar að henni. Ég ætla að nota til greiningar bók Rebecca Solnit, *Hope in the Dark*¹ um það hvað hefur virkað hingað til og af hverju, sálfræðigreinar, viðtöl, andleg fræði, hugmyndir METOO hreyfingarinnar og AA samtakanna (12 spora samtök). Mig langar ekki að eyða miklu púðri í það sem er að, þessi ritgerð fjallar ekki um það, en þó er það óhjákvæmilegt þegar maður skoðar vandann og ímyndar sér lausnir.

Ástæða þess að ég kys að fjalla um samstöðu kvenna er sú að ég hef trú á að með samstöðu byggjum við upp betri heim og mér finnst eins og ég sjálf geti tileinkað mér ákveðin tól til þess að reyna að bæta umhverfi mitt. Mig langar að geta fjallað um von og möguleika á að gera heiminn betri. Mig langar til að setja fram þá hugsun að til lengri tíma litið verði endalok kapítalisma og feðraveldis² friðsæl bylting samstöðu og kærleika. Einnig langar mig að geta ímyndað mér nýjan heim og útópíur sem gætu byggt á ást, von, samstöðu og skilningi. Að lokum ætla ég að draga niðurstöðurnar saman í ákveðið módel sem ég mun búa til út frá þeim hugmyndum sem koma fram í ritgerðinni. Ég vonast til að þær verði einhvers konar verkfærakista eða viðmið til að stuðla að samstöðu kvenna. Þetta verða mínar tillögur og ég geri mér grein fyrir að þær verða ekki fullkomnar og leysa ekki allan vanda heimsins., en vonandi verða þær nothæfar á einhvern hátt.

¹ Rebecca Solnit, *Hope in the Dark* (New York: Nation Books, 2006),

² Þessi hugtök eru samhangandi í mínum huga þarsem kapítalismi og feðraveldi lifa af og nærast á hverju öðru.

Samstaða

Samstaða eða 'unity' samkvæmt orðabókarskilgreiningu: Það að sammælast um tilfinningar eða gjörðir, sérstaklega meðal einstaklinga sem eiga sömu hagsmuna að gæta; *mutual support within a group*.³

Samstaða er mjög vítt hugtak og getur átt við margt. Þessi ritgerð tekur á einhverjum hliðum samstöðu sem gætu flokkast undir aktívíska samstöðu s.s. samstöðu í einhvers konar mótmælaskyni, and-kapítalíska samstöðu s.s. að fólk innan kapítalísks samfélags standi saman af manngæsku og samhug en ekki í gróðaskyni og friðarsamstöðu. Þegar talað er um samstöðu í ritgerðinni er ekki átt við samstöðu líkt og þingflokkar eða íþróttalið sýna, ekki samstöðu sem er á einhvern hátt ætlast til af manni á ákveðnum vettvangi, heldur samstöðu sem mynduð er fólks á milli til þess að gera samfélagið betra.

Samstaða samfélag, félagsfræði

Samstaða, eða samfélagssamstaða, er undirstöðuhugtak í rannsóknum á samfélagi manna, menningu og félagslegri samstöðu. Rannsakendur á virkni samfélaga og hvers vegna þau séu til hafa ályktað sem svo að samfélagsleg samstaða komi til vegna hugmynda eða tilfinninga sem fólk bæri hvert til annars. En einnig kemur til greina að strúktúrarnir sem við búum í geti af sér kringumstæður fyrir mannlega samstöðu samkvæmt öðrum félagsfræðirannsóknum.⁴

Í bókinni *The Division Of Labour*⁵, sem er doktorsritgerð franska samfélagsfræðingsins Emil Durkheim, kynnir hann hugtakið „fundamental duality”; „Einstaklingsvitund sé búin til af samfélagseiningu jafnvel innan samfélagsnorma hvers einstaklings.”⁶ Að vitund einstaklinga sé lituð af samfélagseiningunni sem einstaklingurinn býr í. Þegar samfélög breytast, breytist einnig samstaðan sem heldur samfélaginu saman.⁷ Þessi staðhæfing á mjög vel við í samtíma okkar. Við erum stödd í

³ Angus Stevenson, *Oxford Dictionary of English* (Online, Oxford University Press, 2015). „solidarity”

⁴ What-when-how, *Solidarity (Social Science)* (USA, What-when-how) <http://what-when-how.com/social-sciences/solidarity-social-science/>

⁵ Emil Durkheim, *The Division of Labor In Societ* (USA, Macmillan Company, 1960)

⁶ Emil Durkheim, *The Division of Labor In Societ* Bls. 405-406.

⁷ Emil Durkheim, *The Division of Labor In Society*, Bls. 405-406

hringidunni miðri, samfélagið okkar er að breytast svo samstaðan innan þess mun breytast líka.

„Upplifun samstöðu eykst þegar einstaklingar tengja mikið við hóp”. Durkheim sá þetta sem ákveðinn grunn fyrir trúariðkun. Í trú er greinarmunur gerður milli þess heilaga og þess óheilaga. Út frá þessu talar Durkheim um að menn búi til siðferðislegt skipulag samfélags og þrói með sér hugmyndafræðileg tæki sem séu nauðsynleg skynsamri hugsun. „Flokkar skilnings eru fæddir í trú og af trú”.⁸

Samstaða og trú eru nátengd og sýnir það hvernig maðurinn leitar eftir samþykki og því að tilheyra hópi, lifir jafnvel ekki af án þess. Samstaða getur þar af leiðandi bæði haft jákvæðar og neikvæðar hliðar þar sem þörfin fyrir það að vera ekki skilinn útundan eða verða ekki viðskila við hjörðina sína getur oft náð út yfir almenna skynsemi.

Öruggi samfélags hvílir á herðum samstöðu.

Formfast samfélag stendur og fellur með samstöðu fólksins innan þess. Ekkert kerfi eða skipulag gengur ef við trúum ekki á það. Ef allir í heiminum mundu á sama tíma ákveða að hætta að trúa á kapítalisma mundi hann falla. Trú okkar á samfélagsstrúktúrana sem við búum við er það eina sem heldur þeim gangandi. Af þessari vitneskja getur spröttið ákveðin von. Að vita að maður hafi einhver völd innan samfélagsins þótt ekki sé nema trú manns á kerfunum. Einnig getur það valdið vonleysi að upplifa jafnvel sjálfan sig sem part af vandamálinu. Ennþá er erfitt að lifa utan við kapítalismann en vera samt partur af samfélaginu. Eina leiðin til að vera algjörlega aðskilinn frá þessu kerfi er að stunda sjálfsþurftarþúskap. Sú tilhugsun er ekki heillandi fyrir marga en þó fjölgar þeim stöðugt sem tileinka sér sjálfbærari lífsstíl, sem er skref í þessa and-kapítalísku átt. Þrátt fyrir að hugmyndin um að allir hætti að trúa á kapítalisma sé eftirvill draumórakennd og óraunhæf sýnir hún samt sem áður hversu kraftmikil samstaða er.

⁸ Emil Durkheim, The Division of Labor In Society, Bls. 21-22

Rými/Pláss

Eins og kom fram fyrr í kaflanum er skortur á samstöðu og ótti við að verða útundan mjög sterkur. Þegar dýr í náttúrunni verða viðskila við hjörðina sína deyja þau,⁹ svo þessi ótti er eðlilegur þar sem líf okkar flestra veltur á öðru fólki. Útskúfun getur því verið mjög alvarleg og það er hræðilegt að lenda utanveltu.

Ef maður óttast ekki stöðu sína innan einhvers hóps eða samfélagsins í heild er auðvelt fyrir mann að sýna samstöðu. Eitt gott dæmi um þetta er rappsenan á Íslandi. Hún er mjög karllæg og það er erfitt fyrir konur að hasla sér völl í þeim karlaheimi, aðeins ein og ein sem nær því. En strákarnir í þessari senu eru algjörlega óhræddir við að upphefja hver annan. Þeir pósta og tísta um myndbönd og lög kollega sinna og virðast ekki hræddir um að aðilinn sem þeir eru að upphefja hafi áhrif á stöðu þeirra sjálfra innan senunnar. Konur hafa minna pláss á þessum vettvangi eins og fyrr segir, og svo virðist sem þær sem komist að séu samþykktar af strákunum fyrst. Svo eru þær mögulega hræddar um að næsta „rappstelpa“ eða næsta söngkona komi og taki plássið sem þær eru búnar að berjast fyrir. Strákarnir eru hins vegar ómeðvitaðir um plássið sem þeir njóta og með því að upphefja hver annan myndast meira pláss, ekki minna, senan stækkar, fleiri fá að njóta sín og fleiri dragast að rappinu. Það sem virðist aftra konunum er þessi ótti við plássleysi og hann er ekkert skríttinn. Fyrirmyndir okkar eru ein og ein kona sem hefur náð að hasla sér völl í karlaheiminum, svo von okkar um að fá pláss byggist oft á því að vera þessi eina kona. Hugmyndin um að vera „eina konan“ getur síðan skapað afbrýðissemi þegar við sjáum öðrum konum ganga vel og við óttumst að núna sé minna pláss fyrir okkur.

Hvaðan kemur þessi hugsun? Afhverju er samkeppni? Getur plássið okkar stækkað með því að standa saman?

Afhverju kann samstaða að reynast konum erfið?

Benenson and colleagues gerðu rannsókn á konum og í raun ofbeldi kvenna á milli.¹⁰

Ofbeldið er ekki augljóst og áberandi eins og karllæga birtingarmyndin sem er líkamleg.

⁹ Mark Bekoff. *Do Animals Really Leave Their Group To Go Off to Die* (USA, Psychology today, 2018)

¹⁰ Seth Meyers, *Women Who Hate Other Women: The Psychological Root of Snarky*, (USA: Psychology Today, 2013) <https://www.psychologytoday.com/intl/blog/insight-is-2020/201309/women-who-hate-other-women-the-psychological-root-snarky>

Ofbeldið, „The Pink Haze”^{11 12} er lúmskara. „The Pink Haze” er orð sem er notað yfir aðferðir kvenna sem lýsa sér sem hljótt og lúmskt ofbeldi. Í rannsókninni kemur fram að konur eru viðkvæmari fyrir samfélagslegri útskúfun og þegar þeim er ógnað eða þær upplifa að þær verði kannski skildar útundan, geta fyrstu viðbrögð þeirra orðið að útskúfa þriðja aðila, einhvern í veikari stöðu en þær sjálfar, oft aðra konu. Í sömu rannsókn er tekið fram að konur afli minni tekna en karlar, færri konur en karlmenn séu í stjórnámálum og ábyrgðarstöðum innan samfélagsins. Það er því skiljanlegt að konur upplifi að þær þurfi að vera mjög duglegar til þess að tryggja sér þá samfélagsstöðu sem þær sækjast eftir og þetta getur leitt af sér útskúfandi hegðun í garð annarra kvenna.¹³

Aðrar hliðar á rými/plássi

Í mindfulness fræðum er talað um hugtakið „holding space”. Að gefa öðrum rými til að finna tilfinningar sínar án þess að taka þær á sig eða upplifa þær líka þar sem það er ekki hjálplegt fyrir einstaklinginn til þess að vinna úr tilfinningum sínum. Á einhvern hátt er þetta sama hugmynd og Hanna Gatsby setur fram í uppistandinu sínu *Nanette*.¹⁴ Hún biður okkur áhorfendur um að „hold space” eða gefi því pláss að hún sé reið og það réttilega. Að henni sé gefið pláss til þess að vinna úr hugsunum og tilfinningum sínum. Það sem hún tekur sérstaklega fram er að ætlunarverk hennar sé ekki að útbreiða reiðina og að einhvers konar sameining í reiði eigi sér stað. Þessi „holding space” hugsunarháttur er einnig nýtilegur þegar horft er á samfélagið, að gefa fólki pláss til þess að tjá sig, að veita því hlustun og rými án þess að eigna sér tilfinningar þess eða grípa fram fyrir hendurnar á því.

„Giving space” eða að gefa rými, er einnig hugtak notað í sviðslistum. Þar nýtir viðkomandi það svið eða það rými sem hann hefur og gefur öðrum það á einhvern hátt, gefur plássid. Ásrún Magnúsdóttir danshöfundur er listamaður sem vinnur mikið með það að gefa plássid sitt í sviðslistum. Hún gerir þetta meðal annars í sviðsverkinu *GRRRRLS* þar sem hún gefur unglingsstelpum sviðið, í verkinu *Star Wars II*, þar sem hún gefur fötludum krökkum sviðið, í *Hlustenda Party* gefur hún unglungum af öllum kynjum sviðið.

¹¹ Margrét Pála talar um The pink haze...

¹² Euronews, *Margrét Pála Ólafsdóttir: getting girls out of the „Pink haze”* (EO: Euronews, 2018) <https://www.euronews.com/2018/02/23/margret-pala-olafsdottir-getting-girls-out-of-the-pink-haze>

¹³ Seth Mayers, *Women Who Hate Other Women: The Psychological Root of Snarky*

¹⁴ Hanna Gatsby - Nanette

Ásrún talar um að partur af sinni hugmyndafræði sé að búa til útópíur.¹⁵ Að gefa þessum tiltölulega valdalitlu hópum sviðið og þar með fá áhorfendur til þess að veita þeim óskipta athygli á meðan á verkinu stendur er einhverskonar útópía sem á sér ekki hliðstæðu í samfélaginu.

Aðgerðaáætlun út frá þessum kafla;¹⁶

Að taka undir með kynsysturum okkar. Að upphefja list og önnur vel unnin störf hver hjá annarri. Að hrósa hver annarri og láta vita ef við dáumst að einhverri eða lítum upp til hennar, hvort sem hún er kona sem hefur náð lengra en við eða er óreyndari og að stíga sín fyrstu skref. Þetta getum við tileinkað okkur ef við leiðum hugann að því. Þetta getur kannski verið ákveðin áskorin í einhvern tíma en verður svo ómeðvitað, t.d. að ákveða að hlusta jafnt á tónlist eftir konur og karla, einbeita sér að bíómyndum með kvenkyns leikstjórum o.s.fv. Þetta er einnig mjög áhugaverð tilraun, að taka eftir því hvernig kynjahlutföllin eru í afþreyingarefninu sem maður kys sér.

VON

Von er sá hugsunarháttur eða viðhorf að eitthvað geti gerst. Von er bæði tilfinning og hugarástand, það er bæði hægt að finna fyrir von og tileinka sér hana. Það er ákveðin von falin í því að búa til framtíðarplön og að láta sig dreyma, til dæmis. Þessar gjörðir byggjast á þeirri von, eða trú, að það komi annar dagur eftir þennan dag og vonin býr í möguleikunum sem maður stendur frammi fyrir. Þessi trú er auðvitað byggð á reynslu - hingað til hefur maður alltaf vaknað næsta dag „Trúin er fullvissa um það sem menn vona, sannfæring um þá hluti sem eigi er auðið að sjá.“¹⁷ Á heimspekilegum nótum er lífið samt hverfult, við getum ekki vitað fyrir víst hvort við vöknum eða hvort eitthvað líði hjá, hvort við deyjum eða að heimurinn endi. Við bara vonum að við vöknum og að lífið haldi áfram, eða jafnvel pælum ekkert í því. Í fyrsta kafla bókar Rebeccu Solnit, *Hope in the Dark*, segir hún að framtíðin sé dimm. Það hefur hún eftir Virginiu Wolf, sem skrifaði þessa setningu í

¹⁵ Munnleg heimild, Ásrún Magnúsdóttir, Reykjavík; 29.01.19

¹⁶ Í þessum kafla er tilgangurinn að búa til einhverskonar gjörðir út frá þeim vangaveltum sem hafa átt sér stað

¹⁷ (Hebreabréf 1:1).

dagbókina sína í fyrri heimstýrjöldinni.¹⁸ Hún færir síðan rök fyrir því að það þýði ekki að allt sé á leið til fjandans og þess vegna sé framtíðin dimm heldur að hún sé dimm í merkingunni óviss og einungis þannig geti hún verið. Á þessari hugmynd byggir hún bókina *Hope in the Dark* og talar um vonina í dimmunni eða vonina um framtíðina.

Að taka upp einn sokk af gólfinu er byrjunin á að taka til í heilu herbergi. Í hvert skipti sem ég stend frammi fyrir herbergi þar sem allt er á rúi og stúi þarf ég alltaf að sannfæra mig aftur og aftur um að ef ég byrji í einu horni eða á einum sokk þá muni þetta hafast að lokum. Pabbi minn minnir mig oft á það þegar ég er í þann mund að bugast að ég hafi verið svona frá því að ég var lítil og að hann hafi alltaf verið að minna mig á að öll ferðalög hefjist á einu skrefi. Vitneskjan um að herbergið verði fínt að lokum er ákveðin von. Von um að gjörðin að taka upp þennan eina sokk leiði að lokum af sér hreint herbergi. Ég fæ sömu tilfinningu þegar ég horfi á vandamál heimsins. Hvar á að byrja, hvað er hægt að gera? Og ég fyllist svipuðu vonleysi nema í stærra samhengi. Tillögur mínar í þessari ritgerð munu ekki bjarga heiminum einar og sér en eru í samræmi við von mína um að eitthvað geti breyst. Von um að ef einn sokkur eða eitt kusk geti fjarlægst af gólfinu, geti það mögulega breitt eitthvað út frá sér.

Að horfa á skítugu sokka heimsins út um allt og sjá ekkert annað en hvað þeir eru óendanlega margir veldur vonleysi. Það er svo erfitt að vita hvar við eigum að byrja og oft líður manni líka eins og með því að velja eitt vandamál sé maður ef til vill að útiloka öll hin. Oft er sú hugsun líka yfirþyrmandi hvernig eigi að knésetja kapítalismann og fella feðraveldið allt á einu bretti. Engum virðist hafa tekist að búa til gegnheila aðgerðaáætlun sem getur valdið falli þessara kerfa sem við búum í og þjóna okkur ekki.

Rebecca Solnit talar um þetta sem „the conversation”. Hún minnst á þessa hringiðu vandamála í tengslum við forsetakosningarnar í Bandaríkjunum 2003 þegar George W. Bush vann og allt vinstrið fylltist vonleysi sem aldrei fyrr - hugmyndin um að allt væri ómögulegt staðfestist. Eins og Rebecca talar um samfélagið skiptist það í fólkið sem er „blint” fyrir vandamálunum og hina sem sjá þau en fallast hendur. Í bókinni leggur Rebecca mikla áherslu á vonina og möguleikana, hvernig við getum ekki leyft okkur að finnast allt vonlaust vegna þess slæma í heiminum, heldur tökum einnig eftir hinu góða, leyfum okkur að vona og út frá því að finna einhverjar lausnir. Hún telur vonina

¹⁸ Rebecca Solnit, *Hope in the Dark* (New York: Nation Books, 2006), bls. 1

nauðsynlega til þess að halda áfram og knýja fram breytingar. Hún tekur hins vegar fram að við eigum ekki að loka augum okkar fyrir því slæma, heldur horfa á það og sjá hverju sé vert að breyta, en um leið að sjá það góða til þess að vonin geti lifað.

„Að þú búir yfir mætti til að breyta heiminum að einhverju leyti eða bara sú vissa að heimurinn muni breytast aftur og að óvissa og óstöðugleiki verði þar með farvegur vonar.”¹⁹

Rebecca bendir einnig á í bókinni að nánast jafnt hlutfall góðra og slæmra hluta gerist í heiminum. Fréttirnar af því slæma eru hinsvegar yfirgnæfandi en það ber minna á hinu góða og sigrarnir eru oft óáþreifanlegri.

Sem dæmi um árangur samstöðu og vonar talar hún um *The Global Movement*, sem var hreyfing sem barðist á móti Íraksstríðinu á sínum tíma. George W. Bush var forseti Bandaríkjanna á þeim tíma og innleiddi stefnu sem hét; *War on Terror*. Sú stefna ól mikið á ótta við hryðjuverk, ótta við fólk frá austurlöndum og sérstaklega við múslima.²⁰ Ótti er ótrúlega máttugur og ein af sterkustu tilfinningum mannsins. Ótti við eitthvað framandi eða óþekkt er okkur að einhverju leyti í blóð borinn, þannig að ef okkur er gefin meiri ástæða til þess að óttast eitthvað framandi getur óttinn orðið blindandi og jafnvel breyst í hatur. Ótti, nánar tiltekið ótti við annað fólk, er því algjör andstæða við samstöðu meðal manna. Ótti veldur aðskilnaði og hatri, ótti sem við vitum jafnvel ekki hvaðan kemur og er búið að planta í okkur. Meðlimum friðarhreyfingarinnar *The Global Movement* tókst að uppræta þennan ótta í sínum röðum með manngæsku og samstöðu. Þau mynduðu andstöðu við stríðið án þess að mynda andstöðu við Bandaríkin og Bretland eða samstöðu með Saddam Hussein. Hreyfingin varð friðarhreyfing, á móti stríðinu sjálfu, margir á móti stríði almennt, vopnum og ofbeldi yfirleitt.

Ef við lítum á umfjöllunarefni ritgerðarinnar sem hreyfingu – *Samstöðuhreyfingu kvenna* - væri hún síður en svo á móti karlmönnum, rétt eins og og *The Global Movement* var ekki á móti Bandaríkjunum og bandamönnum þeirra. Hún væri einmitt frekar friðarhreyfing en samt sem áður í eins konar friðsamlegri andstöðu við feðraveldið og kapítalisma, þar sem færa má rök fyrir því að samstaða sé á einhvern hátt and-kapítalísk og að stilla megi einstaklingshyggju og samstöðu upp sem andstæðum. Eftir stendur

¹⁹ Rebecca Solnit, *Hope in the Dark*, bls. 10

²⁰ Rebecca Solnit, *Hope in the Dark*, bls. 18-19

spurningin, hvernig er hægt að mynda samstöðu innan kerfis sem við erum svo vön á móti því sama kerfi? Hvernig myndast samstaða án þess að til staðar sé augljós óvinur eins og stríð? Hvernig er hægt að sameinast sameiningarinnar vegna?

Afhverju þurfum við von?

Í *Hope in the Dark* talar Rebecca um að stjórnámál, eins og við þekkjum þau, blindi fólk fyrir ákveðnum vandamálum. Einhverjir sjái ekki vandamálin sem séu mjög augljós fyrir öðrum, sem telji sig sjá í gegnum blekkinguna, en sá hópur virðist aftur á móti ekki sjá neitt annað en vandamálin.²¹ Þetta býr til ákveðið bil/gap milli þessara tveggja hópa.

Feminísk umræða er gott dæmi um þetta. Mörgum finnst baráttan og umræðan búiin, að jöfnuði sé náð og að það sé búið að tala nóg um feminisma og stöðu kvenna. Hinir sem koma auga á þann ójöfnuð sem enn á sér stað vilja breytingar, en eru oft ekki sammála hvað sé rétt að gera. Post-feministar aðhyllast afbyggingu kyns, sem snýr að því að við *performum* kynið okkar og að skilgeining kyns sé óræð í stöðu sinni. Trans-feministar vilja láta skilgreina sig sem konurnar sem þær eru, þar sem þær hafa þurft að berjast fyrir því að fá að lifa sem það kyn sem þær upplifa sig sem. Hvítur feminismi leggur áherslu á eitt og „black feminism” eða svartur-feminismi á annað, jaðar feminismi, mannúðarfeminismi og svo framvegis.

Ég veit ekki hvar hugmyndir þessarar ritgerðar yrðu staðsettar. Þótt ég sé ekki ósammála neinni þessara hugmynda í megindráttum er erfitt að sameina þær sem eina hugmynd þar sem þær stangast margar á. Mín nálgun er kannski meira út frá mannúðar feminisma en hún gerir samt sem áður ráð fyrir að það séu kyn, að það sé ójöfnuður þeirra á milli og að okkur vanti verkfæri til þess að uppræta þau kynjuðu vandamál sem samfélagið stendur frammi fyrir.

Þessar skiptu skoðanir um hvað sé „réttur” feminismi gera það að verkum að jafnvel getur reynst erfitt að leggja málstað lið þrátt fyrir að vera sammála honum í megin atriðum, vegna þess að ekki tekst að sammælast um smáatriðin eða aðferðarfræðina. Þetta veldur því að þrátt fyrir að meirihluti vilji breytingar og bætt kjör fyrir minnihlutahópa skiptist fólk frekar í margar litlar þyrpingar heldur en að mynda stóra fylkingu. Gott dæmi

²¹ Rebecca Solnit, *Hope in the Dark*. Bls. 23-24

um þetta eru alþingiskosningar síðustu ára. Hellingur af nýjum flokkum fór í framboð og flestir skilgreindu sig sem miðjuflokka ss. hvorki langt til hægri né langt til vinstri. Margir þeirra voru með góðar hugmyndir, með mikla mannúðarstefnu í yfirlýsingum sínum og margir voru líka mjög keimlíkir. Þetta leiddi síðan af sér að Sjálfstæðisflokkurinn var stærsti flokkurinn þrátt fyrir aðeins í kringum 20% atkvæða. Flest atkvæðin dreifðust út og suður á miðjuflokkana.

Bæði Rebecca og heimspekingurinn Natalie Wynn, sem heldur úti youtube-rásinni Contrapoints, benda á að það sé næstum eins og vinstrisinnaða fólkíð vilji vera reitt og fúlt á móti, en ætli sér í raun engar raunverulegar breytingar, ætli ekki að ná völdum og láta til sín taka^{22,23}. Í einu af myndböndum Contrapoints á youtube-rás hennar, talar hún um *Vinstrið*. Hún á samtal við talsmann þess og talsmaður Vinstrisins er hún sjálf klædd í kiskeyru og með kommúnistanælur á jakkanaum sínum til marks um að hún sjálf aðhyllist hugmyndafræði vinstrisins og að þessi vinstrisinnaða kisa sé einhver partur af henni. Hún sest niður með kisunni og spyr hana aftur og aftur hvað planið hennar sé í baráttunni og hvað sé hægt að gera, en kisukonan svarar alltaf „að lemja fólk með kylfu.“ Vinstrisinnaða kisan virðist vera á móti öllu sem samrýmist ekki hennar eigin skoðunum, vill helst að kommúnismi verði tekinn upp og virðist ekki verða sátt fyrir en kapítalisminn sé fallinn. Spyrillinn segir henni svo að kannski þyrfti vinstrið ákveðið „make-over“ til þess að höfða betur til fólks. Hún spyr hvort ekki væri ráðlegt að hætta að hóta að lemja fólk sem sé ósammála með kylfu, hvort það þurfi ekki að tala um hluti svo allir skilji og eiginlega færir spyrillinn rök fyrir því að hægt væri að læra af fagurfræði fasista sem séu með skýr og hnitmiðuð skilaboð, góðir ræðumenn og hafai nýtt sér áróður og fagurfræði sem hrífi fólk auðveldlega²⁴. Hún ásakar vinstrisinnuðu kisuna um að vera með of heimspekilegar pælingar sem sé ákveðin útskúfun fyrir fólk sem hefur ekki grundvallarskilning á hugmyndafræðinni og útiloki það þar með úr umræðunni.²⁵

Ég er ekki að segja að allt vinstrisinnað fólk aðhyllist að berja fasista með kylfu og ég trúir því að margir vilji breytingar. Að sama skapi er áróður í anda fasisma mjög varhugaverður. Auðitað er frábært markmið að fella kapítalismann en aftur á móti er það ómögulegt uppá

²² Rebecca Solnit, *Hope in the Dark*. Bls. 25

²³ Contrapoints, *The Left*. (YouTube video, 14.01, 24. September, 2017.
<https://www.youtube.com/watch?v=QuN6GfUix7c&t=1s>

²⁴ Nefndu dæmi um þetta í neðanmálsgrein, t.d. Mussolini eða Franco og hafði smá meira kjöt á beinunum í þeirri neðanmálsgrein en bara nöfn þeirra

²⁵ Contrapoints, *The Left*, 14.01

eigin spýtur og ef það er eina takmarkið virðast allir aðrir sigrar ótrúlega smáir og töpin verða óheyrilega mörg.

Breytingar taka tíma

Við erum flest mjög upptekin af því að sjá árangur af því sem við gerum. Án þess er ólíklegt að við höldum áfram á sömu braut. Við búum í einstaklega árangursmiðuðu samfélagi sem litar líf okkar alveg frá fyrstu einkunargjöf í skóla. Þess vegna elskum við árangur og viljum sjá að það sem við gerum hafi einhvern tilgang og skili einhverju. Það er erfitt að halda í vonina um að eitthvað sé að breytast ef við sjáum það ekki svart á hvítu. Hins vegar gerast færast stórar breytingar hratt.

Í bókinni *Hope in the Dark* talar Rebecca um að aktívistar verði að vita að sigrar þeirra megi virðast látlausir, flóknir og að breytingar kunni að vera hægar, en samt verði að telja þá til, litla og smáa.²⁶ En hvernig lýsa sigrarnir sér?

Barátta *The Global Movement* á móti Íraksstríðinu er eitt dæmi um ápreifanlegar breytingar. Það er erfitt að mæla árangur á mjög skýran hátt en sem dæmi eru líkur á að hætt hafi verið við svokallaða „Shock and Awe sprengingu einmitt vegna skýrra skilaboða frá umheiminum um hversu óvinsæl sú aðgerð yrði og hversu margir myndu fordæma hana.²⁷ Breytingarnar urðu hins vegar ekki endilega eins og fólk hafði séð þær fyrir sér. Mögulega var stefnan að koma í veg fyrir allar árásir og að stríðið yrði kæft í fæðingu. Það hefðu verið magnaðar niðurstöður, en staðreyndin var sú að þessi gífurlega samstaða milljóna fólks í fjölmörgum löndum varð til þess að árásur á Írak var frestað, margir náðu að forða sér þaðan og það bjargaði tugþúsundum mannlífa²⁸. Eflaust voru þeir til sem litu þetta neikvæðum augum og fannst eins og sigur hefði aðeins geta lýst sér þannig að stríðið hefði alls ekki átt sér stað. Niðurstöðurnar voru ekki fullkomnar en höfðu áhrif og björguðu miklu.

METOO hreyfingin er annað gott dæmi um samstöðu og breytingar. Margir hafa talað um að byltingin hafi ekki leitt neitt af sér og að allt sé komið í sitt fyrra horf. Þeir sem nefndir voru í sögum um áreitni, ofbeldi eða valdbeitingu sitji margir óhagganlegir á sínum

²⁶ Rebecca Solnit, *Hope in the Dark*. Bls. 22

²⁷ Rebecca Solnit, *Hope in the Dark*. Bls. 18

²⁸ Rebecca Solnit, *Hope in the Dark*. Bls. 18

stað og breytingar á samfélaginu hafi ekki orðið í samræmi við stærð þessarar byltingar. Hins vegar er vert að horfa á hina hliðina og telja til sigrana. Á Íslandi mynduðu mörg hundruð konur samstöðu og einhvers konar endurskilgreining á samskiptum og mörkum átti sér stað. Innan lokaðra hópa á Facebook, þar sem konur opinberuðu sögurnar sínar ýmist nafnlaust eða undir eigin nafni, ríkti algjör skilningur og samstaða. Líklega hafa einhverjar undantekningar átt sér stað eins og alls staðar en hvatning, samstaða og samhugur var yfirgnæfandi í umræðu þessara hópa.

Ef ekki hefði verið fyrir samstöðu innan þessarar hreyfingar hefði hún ekki átt sér stað. Konur sem höfðu flestar borið harm sinn í hljóði, skammast sín eða verið óvissar hvort þeirra upplifun hafi verið rétt, opnuðu sig og í krafti hópsins tóku fleiri og fleiri konur þátt og rísa snjóbolti valt af stað. Innan grúppanna var myndað traust, þær voru lokaðar, það voru umsjónarmenn sem hétu þeim trúnaði við þær sem sendu sögur og samkomulag ríkti um að ræða sögurnar ekki við utanaðkomandi aðila.

Byltingin olli róti í samfélaginu og það að einhverjir skyldu rísa upp á afturlappirnar og mótmæla þessari umræðu og þeim breytingum sem voru yfirvofandi er frekar til marks um sigur en nokkuð annað.

Umræðan hafði áhrif á áþreifanlegan og óáþreifanlegan hátt. Umræðan hafði áhrif á hugsunarhátt og samfélagsvitund um virðingu og mörk. Breytingar áttu sér stað á mörgum vinnustöðum. Þeir sem voru tilbúnir endurskoðuðu hugsunarhátt sinn gagnvart samskiptum, bæði konur og karlar, og einhvers konar nýr orðaforði eða að minnsta kosti rými myndaðist, þar sem fólk varð fært um að orða upplifanir sínar. Mikilvægasti punkturinn var svo kannski sá að einhverjum getur fundist eitthvað í lagi í samskiptum en öðrum ekki, en að hver og einn eigi rétt á því að ráða hvernig samskiptum hann eigi í og að ef einhver upplifi áreitni eða markaleysi gagnvart sér sé það sé það hans upplifun sem eigi að ráða.

Við erum í hringiðuni miðri. Mikil umræða fer nú fram og enginn veit hvert hún á eftir að leiða okkur. METOO byltingin hefur átt sér stað og andóf við henni berst úr ýmsum áttum. Rétt er líka að minnast á Klaustursmálið, hneykslismál sem átti sér stað í nóvember 2018 og hefur fengið þetta viðurnefnið. Þar sem þingmennirnir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Bergþór Ólafson og Anna Kolbrún Árnadóttir úr Miðflokknum

og Karl Gauti Hjaltason og Ólafur Ísleifsson úr Flokki fólksins sátu á vínveitingarstaðnum Klaustri á meðan á þingfundi stóð og töluðu illa um samstarfsfólk sitt, komu upp um eigin kvennfyrirlitningu, lýstu fordómum og fyrirlitningu sem beindist gegn fötluðum og einnig samkynhneigðum. Þetta atvik hristi rækilega upp í samfélaginu, flestum blöskraði þetta tal og þessi hugsunarháttur, það var mótmælt og fjöldi greina og annarar umfjöllunar leit dagsins ljós. Hljóðupptökum af þessari samdrykkju var síðan lekið í fjölmiðla. Þetta atvik hristi rækilega upp í samfélaginu. Flestum blöskraði þetta tal og hugsunarhátturinn, það var mótmælt og fjöldi greina skrifaður, en þeir sem áttu í hlut að máli sitja ennþá á þingi.²⁹ Donald Trump er forseti Bandaríkjanna og hefur hann látið mikið af ósæmilegum orðum falla um hin ýmsu mál, oft í anda útlendingahaturs og kvennfyrirlitningar. Ótrúlega mikill skítur er að koma upp á yfirborðið, s.s. spilling, ofbeldi og þöggun. Mál Jóns Baldvins Hannibalssonar er gott dæmi um þetta. Jón Baldvin var valdamikill í Íslensku samfélagi í langan tíma, þingmaður, utanríkisráðherra og sendiherra. Hann er sagður hafa áreitt og beitt margar konur kynferðislegu ofbeldi, þar á meðal dóttur sína og frænku konu sinnar, en þessi mál hafa verið þöggðu niður í áraraddir. Þegar eitthvað hefur komið upp hefur honum tekist nýta sé stöðu sína til þess að komast undan þessum ásökunum. Þetta mál sýnir svo skýrt hvað umræðan sem á sér stað er þörf, að þöggunin hefur ríkt of lengi og að við sem samfélag ætlum ekki lengur að vera meðvirkjar með svona hegðun. En til þess þarf samstöðu.

Eins og áður var nefnt er ekki gott að segja á hvaða leið við erum og það eina sem við vitum fyrir víst er að framtíðin er dimm. Við verðum aðeins að vona að við séum á réttri leið í átt að betri samskiptum og betra samfélagi, við megum ekki gefa upp vonina. Við verðum líka að leyfa okkur að hugsa í lausnum.

Eins og var áður nefnt er ómögulegt að vita á hvaða leið við erum og vitneskja okkar nær ekki lengra en að framtíðin sé dimm. Það eina sem hægt er að gera er að vona að við séum á réttri leið í átt að betri samskiptum og betra samfélagi, gefa ekki upp vonina. Við verðum líka að leyfa okkur að hugsa í lausnum.

Í AA bókinni eru lögð til 12 spor sem lausn við alkahólisma. Fyrsta sporið er tvíþætt; „Við viðurkenndum vanmátt okkar gagnvart áfengi...“ er fyrri helmingurinn „...og

²⁹ "Klaustursmálið: Atburðarásin Frá Upphafi." Mbl.is. Accessed February 15, 2019. https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/12/07/klaustursmalid_atburdarasin_fra_upphafi/.

að við gætum ekki lengur stjórnað eigin lífi” er seinni helmingurinn.³⁰ Ég ætla aðeins að nýta mér fyrrihluta þessa spors til greiningar.

Fyrir Alkahólista væri sú gjörð að viðurkenna vandamál sitt ein og sér hræðileg. Að sitja uppi með þá vitneskju að maður sé alkóhólisti, að manni muni aldrei hafa viljastyrk eða getu til að hætta að drekka en vita svo ekkert hvað eigi að gera við þær upplýsingar, það er fullkomlega vonlaust. Sem betur fer eru 11 spor eftir af AA prógramminu sem benda á lausnir og von.

Þessi vitneskja um vandamálin og að viðurkenna vanmátt okkar er skref sem vinstrið hefur nú þegar tekið en við vitum ekki hver næstu skrefin eru. Rebecca Solnit vísar í söguna *Nýju fötin keisarans* eftir H.C. Andersen. Hún bendir á að í hugsunarhætti *vinstrisins felist* það eitt að sjá að keisarinn sé nakinn, að nýju fötin séu blekking, að sjá í gegnum blekkingu samfélagsins um að jöfnuður ríki, en svo gerist ekkert meira.³¹ Hún talar einnig um að þessi hugsunarháttur sé svipaður og sá sammanlegi eiginleiki að gefa manneskjunni sem mislíkar við okkur meira pláss í hugsunum okkar heldur en hinum áttatíu sem elska okkur.³² Rebecca ténir til margt af því góða sem hefur gerst í heiminum, hún bendir á aktivistahreyfingar sem hafa valdið breytingum, sem við gleymum að fagna og taka til fyrirmyndar af því að baráttunni er ekki lokið. Við erum ennþá reið og erum að berjast. Okkur finnst vandamálin mikilvægari en það sem er í lagi og það sem hefur unnist. Þetta er skiljanlegt vegna þess að við viljum alltaf stefna í átt að því að bæta samfélagið en eins og rætt hefur verið getur þungi vandamálanna verið kæfandi og í því ástandi leynist lítil von.

Traust

Alls staðar sem talað er um samstöðu er talað um traust. Ég talaði við Ásrúnu Magnúsdóttur³³, sem gerði sviðsverkið *GRRRRLS* sem var sett upp á danshátíðinni *Everybody's spectacular 2017* og snérist mikið um samstöðu unglingsstelpna. Stelpurnar dansa fyrir hin ýmsu málefni og dansa fyrir sig sjálfar og hver fyrir aðra. Ég spurði Ásrúnu

³⁰ Nafnlausir höfundar, *AA Bókin*, (Reykjavík: AA-útgáfan, 2011), bls. 57

³¹ Rebecca Solnit, *Hope in the Dark*. Bls. 25

³² Rebecca Solnit, *Hope in the Dark*. Bls. 27

³³ Munnleg heimild, Ásrún Magnúsdóttir, Reykjavík; 29.01.19

hvernig henni hefði tekist, sem listrænum stjórnanda, að mynda samstöðu meðal unglingsstelpnanna sem unnu að verkinu með henni. Það fyrsta sem hún sagði var traust.

Við þekkjum öll það að treysta. Sumum treystum við skilyrðislaust enda erum við fædd til þess að treysta. Þegar við erum ungabörn erum við svo ósjálfbjarga að við getum ekki annað en treyst því að umhverfið muni halda okkur á lífi og verðum líka að treysta því að allt sé gott í kringum okkur. Þetta gerist strax við fæðingu. Við liggjum í faðmi móður okkar og horfum beint í augun hennar til þess að undirstrika að við séum núna upp á hana komin³⁴³⁵, eins og við erum lengi framan af ævinni. Svo þegar við eldumst komumst við að því á mismunandi hátt að heimurinn er kannski ekki alveg öruggur og að við verðum að passa okkur. Einhver særir okkur eða meiðir, við fáum skilaboð um að það sé illska til í heiminum og einhvern veginn missum við þann hæfileika að treysta skilyrðislaust. Auðvitað er ekki endilega gott að treysta öllum alls staðar og vera algjörlega ómeðvitaður um hættur heimsins, en samt sem áður treystum við oftast of lítið.

„Fyrstu mennirnir sem höfðu víðtæk áhrif um að gæta þyrfti að uppeldi barnsins voru heimspekingarnir John Locke (1632-1740) og Jean-Jacques Rousseau (1712- 1778). Locke gagnrýndi líkamsrefsingar barna harðlega, en í Englandi og víðar voru þau lamin, limlest, borin út og þeim kynferðislega misboðið. Rousseau sagði barnið gott frá náttúrunnar hendi og að þjóðfélagið gerði manninn slæman. Síðar sagði Sigmund Freud að geðheilsa fullorðinna ylti á tilfinningatengslum sem börn mynda í æsku, John Watson að umhverfið yrði að vera gott ætti barnið að verða gott, Jean Piaget að vitsmunir þroskist í þrepum, og John Bowlby að sálarheill barns standi og falli með nánu og stöðugu sambandi við móður.”³⁶

Rannsóknirnar sem stuðst er við í þessari ritgerð eru allar byggðar á hugmyndum sem þessir menn komu fram með á sínum tíma.

Lítum nú á sálfræðirannsóknir um traust³⁷. Í rannsóknum sem gerðar hafa verið á trausti kemur í ljós að hormónastarfsemi heilans hefur mikið með traust að gera. Ef mikið af

³⁴ Þessi kenning er ein af stóru uppgötvunum Freud sem við styðjumst við í samtímanum.

³⁵ "Þroski Heilans Og Næmiskeið Barna Til Að Læra." Mbl.is. Accessed February 15, 2019. <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/252545/>.

³⁶ "Þroski Heilans Og Næmiskeið Barna Til Að Læra." Mbl.is. Accessed February 15, 2019. <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/252545/>.

³⁷ Roberick M. Kramer, *Rethinking trust* (USA, Harvard Buissnes Review, 2009) <https://hbr.org/2009/06/rethinking-trust>

dóþamíni er í líkamanum er manneskja líklegri til þess að treysta og að sama skapi býr heilinn til dóþamín við það að treysta eða að finna fyrir trausti. Rannsóknin var gerð þannig að þátttakendur fóru í ákveðna leiki sem reyndu á traustið þeirra á milli. Þessir leikir urðu til þess að heilinn myndaði dóþamín, en það jók á trausti einstaklinganna hvers til annars. Eins klár og lógísk og við höldum að við séum er það oft svo að við myndum traust án þess að mikil innistæða sé fyrir því. Við getum eiginlega blekkt heilann til þess með því til dæmis að fara í traustleiki. Við treystum einnig einstaklingum sem líkjast okkur meira en einhverjum sem eru ólíkur okkur. Við teljum sem sagt líklegra að manneskjan sé skyld okkur í einhverjum skilningi og þar með treystandi. Þetta er ekki fáránlegt vegna þess að fjölskyldan ætti að vera manns nánasta „hjörð“ og innan hennar ætti að ríkja skilyrðislaust traust, en eins og við vitum eru oft einstaklingar innan fjölskyldunnar sem ekki er treystandi og mörgu fólki sem er okkur ókunnugt og mjög ólíkt á traust okkar mun betur skilið. Samkvæmt sálfræðirannsóknum er þessi tilhneiging okkar til þess að treysta fólki sem er partur af okkar samfélagi betur en utanaðkomandi aðilum svo sterk að í hóþrannsóknunum sem jafnvel eru gerðar viðfangsefnum í litlum hóþum sem fengin eru með slembiúrtaki er nánast öruggt að ákveðin samstaða myndist. Þessi hugmyndafræði hefur einnig nýst í Fasískum áróðri eða til að réttlæta stríð; einhver hóþur er ekki eins og við og þar af leiðandi ekki treystandi.

Aðrar rannsóknir sýna að líkamleg snerting myndi traust. Rannsókn var gerð á trausti þar sem lagðar voru fram sömu spurningar fyrir tvo hóþa. Leiðbeinendur annars hóþsins snertu viðmælendur létt annaðhvort á axlir eða ofarlega á bakinu, en hinn hóþurinn fékk enga snertingu. Niðurstöðurnar voru sláandi, hóþurinn sem fékk snertingu treysti miklu betur og var samvinnuþíðari en hóþurinn sem fékk enga snertingu. Sálfræðingurinn Dacher Keltner³⁸ segir að það sé engin tilviljun, að venjur okkar við að heilsa hvert öðru í mismunandi menningarheimum feli nánast alltaf í sér snerting ss. að heilsast með handabandi, að faðmast, að kyssast o.s.fv.³⁹

Þessar rannsóknir sýna fram á að ekki er flókið að mynda traust, jafnvel hjá þeim sem telja sig ekki treysta hæglega. Okkar eðlilega ástand í samskiptum er traust. Afhverju treystum við þá ekki heiminum?⁴⁰ Það er mjög auðvelt að fá svarta mynd af heiminum,

³⁸ Oatley, Keltner, og Jenkins, *Understanding emotions*. (Hoboken, NJ: Wiley, 2014) bls. 5

³⁹ Roberick M. Kramer, *Rethinking trust* (USA, Harvard Business Review, 2009)

<https://hbr.org/2009/06/rethinking-trust>

⁴⁰ Roberick M. Kramer, *Rethinking trust*

fréttir sjónvarpsefni og samfélagsumræður beinast oftst að því sem er neikvætt. Ef tekið er til hversu margir raðmorðingjar hafi verið til í heiminum frá upphafi eru þeir mjög lítil prósentu af mannkyninu. Aftur á móti ef við byggðum skoðun okkar á samfélaginu einungis á heimildarmyndum eða *Netflix* væri auðvelt að álykta að raðmorðingjar væru á hverju strái. Mikið er til af veiku fólki og margir hafa á einhvern hátt skaðað aðra eða brugðist trausti en sannleikurinn er samt sá að meirihluti mannkyns er frekar gott fólk. Áhersla okkar á það sem er slæmt skekkir oft hugmyndir okkar um heiminn og hugsunarhátturinn að einhver *sé ekki traustsins verður* fyrir en hann hefur sannað sig er ekki sérlega hjálplegur.

Tilhneiging sem skyggir sýn okkar er sá eiginleiki að sjá það sem við viljum sjá. Sálfræðingar kalla þetta „the confirmation bias”. Þessi tilhneiging gerir það að verkum að við veitum því meiri athygli og trúum því sem staðfestir grun okkar um heiminn, á meðan við gerum lítið úr eða teljum ekki með það sem afsannar hann. Rannsóknir hafa verið gerðar á þessu og það kom skýrt fram að aðilar sem voru vanir að búast við einhvers konar misnotkun á trausti leituðu stíft að staðfestingu þess að þeir gætu ekki treyst mótspilaranum í rannsókninni. Þeir sem höfðu hins vegar jákvæðari félagslegar væntingar veittu því meiri athygli sem benti til þess að hinn aðilinn væri traustsins verður. Niðurstaðan var sú að afstaða einstaklingsins til þess hversu óöruggt væri að treysta í þessum aðstæðum höfðu mikil áhrif á niðurstöðurnar.⁴¹

Við búum til okkar eigin sannleika um heiminn innra með okkur og leitum síðan að sönnunum sem staðfesta þann skilning okkar. Ef þú fylgist náið með einhverjum eða ert stöðugt á varðbergi gagnvart honum er líklegra en ekki að manneskjan muni staðfesta hugmyndir þínar um hann/hana. Ef maður gefur annari manneskju skilyrðislaust traust er líklega að hún muni verða traustsins verð. Einhverntíma sagði einhver við mig að traust er eitthvað sem maður gefur, með því að gefa það er það komið í hendur hins aðilans svo í framhaldinu trúirðu því og treystir að manneskjan muni fara vel með þetta traust en ert samt ekki endalaust að athuga hvort svo sé. Ef við gæfum einhverjum gjöf mundum við ekki stöðugt fylgjast með því hvort einstaklingur fari vel með gjöfina eða jafnvel hugleiða að taka hana til baka. Við getum þess vegna aðeins valið á milli trausts og vantrausts;

⁴¹ Roberick M. Kramer, *Rethinking trust*.

„Það er ekki hægt að vera viss um ásetning annarra, karakter eða framtíðargjörðir. Við verðum einfaldlega að velja milli trausts (berskjalda okkur fyrir misnotkun ef um ofbeldismann er að ræða) og vantrausts (og missa af öllum góðum hliðum samskipta ef hin manneskjan er heiðarleg.) Í þessu vantrausti hangir skuggi vafa yfir hverri ákvörðun.“⁴²

Rannsókn var gerð á iðnaðarmönnum sem unnu á verkstæði. Ekkert eftirlit var með verkfærunum, þeir máttu ganga í þau eins og þeir vildu og taka þau með sér heim ef því var að skipta. Niðurstöðurnar voru þær að fleiri skiluðu verkfærunum á sinn stað heldur en á öðrum stöðum þar sem eftirlitið var strangara. Þetta sýnir að finni maður fyrir trausti eykst vilji manns til að reynast traustsins verður.⁴³

Byggja upp traust

Þegar maður hefur gert litla hluti til þess að byggja upp traust er mikilvægt að gefa „hávær“ og skýr skilaboð. Sum samfélagsleg skilaboð sem við gefum eru of látlaus, þó við áttum okkur ekki á því. Samkvæmt rannsókn⁴⁴ sem gerð var á yfirmönnum og starfsmönnum héldu aðilar í báðum hópunum að þeir nytu meira trausts en raun bar vitni. Þetta hefur ákveðið traustrof í för með sér. Mörg okkar tala ekki um að við séum traustsins verð og höldum að aðrir hljóti að sjá hvað við séum sanngjörn, heiðarleg og heilsteypt. En að orða þetta gerir það líka líklegra að við stöndum undir trausti. Oft er fólk hrætt við að segja eitthvað upphátt af ótta við að standa ekki undir því. Þetta er mjög skiljanlegt. Ef mann langar til að hætta að reykja en veit að fíknin er sterk og að manni takist það kannski ekki í fyrstu tilraun, vill maður ef til vill ekki segja neinum frá því, hættir kannski í einhvern tíma en finnst svo freistandi að byrja aftur þarsem enginn viti hvort sem er að maður hafi hætt. Einnig erum við flest hrædd við að vera hræsnarar og ef maður segi öllum að maður ætli að hætta að reykja og byrji svo aftur hljóti það að benda til þess að maður standi ekki við orð sín. Í *AA bókinni* segir „Við stefnum að framförum, ekki fullkomnun“⁴⁵. Þetta segir okkur að við séum einungis mannleg og munum aldrei verða fullkomin, að við viðurkennum mistök okkar, lærum af þeim og höldum svo áfram. Við gerum öll mistök og oft líkar okkur vel við manneskjur sem geta talað um mistök sín án

⁴² Roberick M. Kramer, *Rethinking trust*.

⁴³ Roberick M. Kramer, *Rethinking trust*.

⁴⁴ rannsóknin

⁴⁵ Nafnlausir höfundar, *AA Bókin*. Bls. 179

Þess að skammast sín og sýna þar með að þær séu ekki fullkomnar frekar en við. Það getur verið góð leið til þess að tengjast fólki eða að vinna traust, að undirstrika að maður sé ekki fullkominn og ekki með allt á hreinu (eins og enginn raunverulega er) Við þetta líður fólki oft betur með sjálfst sig. Oft vill maður að aðrir sjái mann á einhvern ákveðinn hátt og fæstir vilja gefa af sér þá mynd að þeim mistakist oft eða séu á einhvern hátt ófullkomnir. En svo erum við öll mannleg og það getur verið gott að heyra einhvern annan viðurkenna mistökin sín og opna þar með umræðuna um að það sé allt í lagi að mistakast.

En ss. það er hollt fyrir okkur að miðla til annarra að við séum traustsins verð og að segja við aðra að við treystum þeim. Það er ábyrgð að vera treyst en eins og rannsóknir sýna erum við líklegri til að standa undir ábyrgðinni ef við njótum traustsins.

Dæmi um jákvæðar afleiðingar trausts;

Það að byggja einhvers konar traustsamfélag á vinnustað eða í öðrum hópum hefur gífurleg áhrif á mörgum sviðum. Starfsmenn sem njóta mikils trausts á vinnustað eru afkastameiri, orkumeiri í vinnuni, vinna betur í samstarfi og eru lengur á sama vinnustaðnum í samanburði við fólk á vinnustað þar sem lítið traust ríkir. Starfsmenn á fyrrnefnda vinnustaðnum finna fyrir minna stressi og eru hamingjusamari. Þetta stuðlar allt að meiri virkni hjá starfsmanninum.”⁴⁶

Stress drepur oxytosin og oxytosin eykur samkennd

Stress og andleg veikindi eins og kvíði og þunglyndi hafa verið mikið í umræðunni. Kulnun er hugtak sem er að koma upp á yfirborðið í ríkara mæli, þarsem fólk hefur keyrt sig út í mörg ár í vinnu eða öðru, verið stressað lengi o.s.fv og tekið getur mörg ár að jafna sig á kulnun. Auðljóst er að það er ekki alveg í lagi með það hvernig við hugsum og skipuleggjum samfélagið okkar.

⁴⁶ Paul J. Zak, *The Neuroscience of Trust* (USA: Harvard Business Review, 2017), <https://hbr.org/2017/01/the-neuroscience-of-trust>

Stress og traust;

Í samanburði við fólk í vinnuumhverfi þar sem traust er lítið finnur fólk í vinnuumhverfi þar sem ríkir mikið traust fyrir 74% minna stressi, hefur 106% meiri orku í vinnuni, er 50% skilvirkara, tekur 13% færri veikindardaga, sýnir 76% meiri þátttöku, lýsir 29% meiri fullnægju í lífi sínu og kulnun er 40% sjaldgæfari.⁴⁷

Einstaklingshyggja, feðgarnir feðraveldi og kapítalismi.

Hvað þýðir það að fjöldi fólks sé að kulna á okkar tímum? Hvað í samfélaginu veldur því að allir eru stressaðir? Hvað þurfum við að endurskoða? Hvernig gæti þetta verið öðru vísi?

Rannsóknin sem ég styðst við hér var gerð á vinnustöðum í Bandaríkjunum. Þar segir að traust á vinnustað hjálpaði fólki að þroskast persónulega sem og í vinnuni. Rannsóknir sýna einnig fram á að nánast ómögulegt er að vaxa í starfi ef maður er ekki að vaxa sem einstaklingur. Á þessum „treystandi“ vinnustöðum er aðgangur að yfirmönnunum greiður, sama hvað málið varðar, hrósað er fyrir vel unnin störf, markmið eru skýr, áhersla er lögð á perónulegan vöxt starfsmanna, umbun veitt fyrir vel unnin stöf, ss. viðurkenning fyrir það góða sem starfsmaður gerir. Einnig var traustur stuðningur þeirra hærra settu í fyrirtækinu við þá nýju og óreyndu. Þeim hærra settu stafaði ekki ógn af þeim nýju og kusu ekki að ráðleggingar af ótta við að einhver mundi ná stöðunni af þeim. Ástæðan var sú að störf þeirra voru metin og samkeppnin minni, svo stuðningur við aðra í fyrirtækinu varð meiri.⁴⁸ Þetta styður það sem áður hefur verið fjallað um í sambandi við pláss og skort á pláss. Þarna fá starfsmennirnir nóg pláss og nóg traust og þurfa því ekki að keppa við aðra um það. Þar af leiðandi geta þeir gefið af sér og hjálpað öðrum.⁴⁹ Það mætti því segja að traust skapi pláss/rými, sem er einmitt partur af þeim vanda sem við erum að leita að svörum við.

Aðgerðaáætlun;

Að byggja upp traust; Að tala saman og kynnast, tengja hvert við annað, finna það sem maður á sameiginlegt og nálgast aðra af skilningi og líkindum þ.e. að leggja áherslu á það

⁴⁷ Paul J. Zak, *The Neuroscience of Trust*

⁴⁸ Paul J. Zak, *The Neuroscience of Trust*

⁴⁹ Paul J. Zak, *The Neuroscience of Trust*

sem við eigum sameiginlegt frekar en það sem aðskilur okkur. Að gera einhverskonar traustæfingar ss. að láta sig detta í fang annarra, kasta bolta á milli o.s.fv til þess að mynda dópamín sem grunn fyrir traust. Finna einhverskonar snertingu sem fólk eru sátt við gæti verið partur af æfingunum eins og að grípa hvert annað, eða að knúsast þegar við hittumst eða eitthvað sem fer ekki yfir mörk okkar en stuðlar að gagnkvæmu trausti. Að treysta hvert öðru fyrir einhverju, að sýna ‘blint’ traust. Dæmi; að treysta annarri manneskju fyrir einhverri upplifun eða lífsreynslu sem felur í sér traust á hlustun og skilningi og jafnvel trúnaði. Að lána öðrum einhvern hlut sem skiptir máli eða, ef þetta reynist erfitt kannski að leiða annan aðilann blindandi sem dæmi, treysta og sýna að maður treysti.

Auðmýkt, AA samtökin

Þegar ég reyni að ímynda mér fullkomið samfélag lítur það einhvernvegin út eins og AA samtökin að mörgu leyti. Ég tel mikið af siðavenjum þeirra og hugsanarhætti gætu verið einhverskonar grunnur fyrir uppbyggingu á samfélagi byggðu á trausti og samstöðu.

Eitt af því sem skapar samstöðu innan samtaka eins og AA er auðmýkt. Traust og auðmýkt félaga gerir það að verkum að aðrir leggja niður varnirnar sínar. Á fundum er fólk oft að tjá sig um erfiðar lífsreynslu, sögur úr fortíðinni og annað og oft opnar það sig um allskonar mál og sýnir traust. Treystir að fundarmenn muni ekki dæma það og haldi trúnað.

Samstaða er einnig lykilhugtak og án hennar væru samtökin ekki til. Það sem heldur AA saman er fólk í sjálfboðastarfi til þess að bæta sig sem manneskjur og hjálpa öðrum til þess sama. Í *AA Bókinni* stendur aldrei „ég” alltaf „við” sem segir okkur að þetta snúist ekki um einn einstakling heldur heildina. Ekki hagsmuni einstaklingsins heldur hagsmuni heildarinnar.

AA samtökin hafa starfað í tugi ára og aldrei hafa þau farið á hausinn eða splundrast. Þó að margt hafi e.t.v. komið uppá hefur tekist að búa til einhvers konar form sem getur staðið af sér öll veður. Samtökin reka sig sjálf og eru aðeins háð því að fundarmenn á hverjum fundi fyrir sig borgi í pott sem fer síðan í að greiða kaffi og húsaleigu.

Í raun eru þessi samtök útópískt samfélag, enginn trónir á toppnum, enginn græðir pening, nánast allir hafa það að leiðarljósi að hjálpa hver öðrum.

Niðurstöður

Í þessari ritgerð hef ég tínt ýmislegt til í sambandi við samstöðu kvenna. Hvers vegna við þurfum á henni að halda, hvernig sé hægt að mynda hana o.s.frv. Ég hef búið til aðgerðaáætlanir út frá flestum köflunum til þess að kanna hvernig hægt sé að hrinda þessum fræðum í framkvæmd. Ég hef velt fyrir mér voninni og hversu mikilvæg hún sé til þess að knýja fram breytingar - hvernig jafn fallett hugtak og von getur nýst í pólitískri umræðu sem þarf svo sannarlega á fegurð og von að halda. Mig langaði að geta fundið friðsamlegar aðferðir og lausnir og komast hjá því að útbreiða reiði, eins og minnst var á í ritgerðinni og vitnað í orð Hanna Gatsby í uppistandi. Út frá þessum friðsamlegu þælingum leitaði ég einnig í andleg fræði s.s. Mindfulness og AA-prógrammið í leit að lausnum og von um betra samfélag.

Ég tel að samstaða kvenna sé það sem samfélagið þarf á að halda. Í of langan tíma hefur það verið undir körlum komið hvort konur fái að vera með á margvíslegum vettvangi samfélagsins. Þetta virðist víða ósýnilegt og því er þarft að læra að koma auga á það. Áður en þetta breytist verður jöfnuði ekki náður. Ef okkur tekst að vinna ofan af samkeppni, afbrýðissemi og ótta tekst okkur að auka pláss kvenna innan samfélagsins og fella feðraveldið. Til þess þarf samstöðu. Þegar okkur hefur tekist þetta getum við e.t.v beitt sömu aðferðum við að fella kapítalismann. Höldum að minnsta kosti í vonina.

Heimildaskrá

Alcoholics Anonymous: The Story of How More than One Hundred Men Have Recovered from Alcoholism. New York City, NY: Works Publishing / Alcoholics Anonymous World Services, 2014.

Biblían. JPV-forlag, Reykjavík 2007

ContraPoints. YouTube. September 24, 2017. Accessed February 13, 2019.
<https://www.youtube.com/watch?v=QuN6GfUix7c&t=1s>.

"Do Animals Really Leave Their Group to Go Off to Die?" Psychology Today. Accessed February 13, 2019. <https://www.psychologytoday.com/us/blog/animal-emotions/201811/do-animals-really-leave-their-group-go-die>.

Durkheim, Emile, and Steven Lukes. *The Division of Labour in Society*. Houndmills: Palgrave Macmillan, 2013.

Durkheim, Emile, and Steven Lukes. *The Division of Labour in Society*. Houndmills: Palgrave Macmillan, 2013.

Durkheim, Emile, and Steven Lukes. *The Division of Labour in Society*. Houndmills: Palgrave Macmillan, 2013.

"Klaustursmálið: Atburðarásin Frá Upphafi." Mbl.is. Accessed February 15, 2019.
https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/12/07/klaustursmalid_atburdarasin_fra_upphafi/.

"Konur Segja Frá áreitni Jóns Baldvins." Stundin. Accessed February 15, 2019.
<https://stundin.is/grein/8232/>.

Kramer, Roderick M. "Rethinking Trust." Harvard Business Review. August 01, 2014. Accessed February 13, 2019. <https://hbr.org/2009/06/rethinking-trust>.

"Margrét Pála Ólafsdóttir: Getting Girls out of the "Pink Haze"." Euronews. February 23, 2018. Accessed February 13, 2019. <https://www.euronews.com/2018/02/23/margret-pala-olafsdottir-getting-girls-out-of-the-pink-haze>.

Netflix Official Site. June 19, 2018. Accessed February 15, 2019.
<https://www.netflix.com/watch/80233611?trackId=13752289&tctx=0,0,bb1e8cb5005b180d683b144abaea1532eb89389f:7d6648934aa47dc31ace3b3926d9525b9e6cedfa,,>

Solnit, Rebecca. *Hope in the Dark: Untold Histories, Wild Possibilities*. Edinburgh, Scotland: Canongate, 2016.

"Trúin Er Fullvissa Um það, Sem Menn Vona, Sannfæring Um þá Hluti, Sem..." Mbl.is.
Accessed February 15, 2019. <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1031600/>.

"What Do We Really Know About Mindfulness?" Psychology Today. Accessed February 15, 2019. <https://www.psychologytoday.com/us/blog/evidence-based-living/201804/what-do-we-really-know-about-mindfulness?fbclid=IwAR1oli4OjGtD4osTGnVoISZDOH5wplyJ2oVX2oppSFpdSRXTDuDHrOhruh0>.

"Women Who Hate Other Women: The Psychological Root of Snarky." Psychology Today. Accessed February 13, 2019. <https://www.psychologytoday.com/intl/blog/insight-is-2020/201309/women-who-hate-other-women-the-psychological-root-snarky>.

Zak, Paul J. "The Neuroscience of Trust." Harvard Business Review. December 19, 2016. Accessed February 13, 2019. <https://hbr.org/2017/01/the-neuroscience-of-trust>.

"Þroski Heilans Og Næmiskeið Barna Til Að Læra." Mbl.is. Accessed February 15, 2019. <https://www.mbl.is/greinasafn/grein/252545/>.

Viðtöl:

Ásrún Magnúsdóttir, Reykjavík; 29.01.19